## Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 / Breytt 1840*

## Blessun

## Eftirspil

*Adagio*

*T. Albinoni*

Prestur: Sr. Jóhanna Gísladóttir
Organisti: Þorvaldur Örn Davíðsson
Einsöngvari: Jóna G. Kolbrúnardóttir
Kór: Kammerkór Langholtskirkju
Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Ástvinir þakka hlýju og samúð og bjóða viðstöddum
að þiggja veitingar í safnaðarheimili kirkjunnar að lokinni athöfn.

Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

Prentun Útfararstofa Kirkjugarðanna

# Jenný Sigrún Sigfúsdóttir

Fædd 13. júlí 1933

Dáin 22. september 2018



Útför frá Langholtskirkju
mánudaginn 1. október 2018

## Forspil

*Air úr svítu nr. 3 í D-dúr*

*J. S. Bach*

## Bæn

Vertu, Guð faðir, faðir minn,
í frelsarans Jesú nafni,
hönd þín leiði mig út og inn,
svo allri synd ég hafni.

Höndin þín, Drottinn, hlífi mér,
þá heims ég aðstoð missi,
en nær sem þú mig hirtir hér,
hönd þína' eg glaður kyssi.

Dauðans stríð af þín heilög hönd
hjálpi mér vel að þreyja,
meðtak þá, faðir, mína önd,
mun ég svo glaður deyja.

Minn Jesús, andlátsorðið þitt
í mínu hjarta' eg geymi,
sé það og líka síðast mitt,
þá sofna' eg burt úr heimi.

*Hallgrímur Pétursson - Jakob Tryggvason*

## Ritningarlestur

Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá
brekkusóley, við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.

Faðir og vinur alls, sem er!
annastu þennan græna reit;
blessaðu, faðir! blómin hér,
blessaðu þau í hverri sveit.

Vesalings sóley! sérðu mig?
Sofðu nú vært og byrgðu þig;
hægur er dúr á daggarnótt;
dreymi þig ljósið, sofðu rótt!

*Jónas Hallgrímsson - Jón Nordal*

## Guðspjall

## Einsöngur

*Ave María*

*Indriði Einarsson - Sigvaldi S. Kaldalóns*

## Minningarorð

## Einsöngur

*Draumalandið*

*Guðmundur Magnússon - Sigfús Einarsson*

## Bæn og Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing 1820*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*Matthías Jochumsson - P. C. Krossing 1820*